
Minnisblað

Dagsetning: 10. janúar 2022

Höfundar: Alma D. Möller landlæknir og Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalykill: 21011462 og 2105059

Efni: **Upplýsingar um stöðu heilbrigðiskerfisins á Íslandi og þróun heimsfaraldurs COVID-19**

Með þessu minnisblaði, vilja landlæknir og sóttvarnalæknir upplýsa heilbrigðisráðherra um þróun og þunga stöðu innan heilbrigðiskerfisins, sérstaklega Landspítala, vegna heimsfaraldurs COVID-19. Þá verður fjallað um líklega þróun faraldursins hérlendis.

Frá landlækni

Staðan innan heilbrigðiskerfisins

Í ljósi lagaskyldu hefur embætti landlæknis haft sérstakt eftirlit með helstu stofnunum heilbrigðiskerfisins í gegnum faraldur COVID-19; sjá meðfylgjandi yfirlit. Það er skemmst frá því að segja að staðan þyngist jafnt og þétt á flestum stofnunum. Þar skiptir máli hvoru tveggja að einstaklingum með COVID-19 fjölgar en líka að fjöldi starfsmanna hefur þurft í einangrun og sóttkví. Ljóst er að ef spár um fjölda innlagna vegna COVID-19 ganga eftir verður það gríðarleg áskorun fyrir Landspítala og fyrir heilbrigðiskerfið í heild, bæði til skemmri og lengri tíma.

Landspítali


Á Landspítala er uppi alvarlegri staða en áður hefur sést síðan faraldurinn byrjaði og spítalinn starfar á Neyðarstigi. Mönnun er mesta áskorunin; það er verulegur skortur á starfsfólki, vinnuálag óásættanlegt og yfirvinna mikil. Á bráðamóttöku og gjörgæsludeildum er staðan þannig, að mati landlæknis, að ekki er hægt að tryggja gæði og öryggi þjónustu. Þá er verið að fresta þjónustu sem þolir bið og fyrirséð að biðtími eftir ýmissi þjónustu muni lengjast, t.d. biðtími eftir skurðaðgerðum sem þegar er allt of langur¹. Þá eru uppi áhyggjur um að langvarandi álag sem þetta kunni að valda kulnun og brottfalli heilbrigðisstarfsmanna úr starfi en þegar gætir aukinnar veikindatíðni. Athuga ber að langvarandi og versnandi staða vegna heimsfaraldurs COVID-19 kemur ofan í langstandandi mönnunarvanda og þrengsli vegna ófullnægjandi húsnæðis. Þá hafa bæst við veikindi starfsmanna vegna COVID-19 en nú eru 198 starfsmenn í einangrun og svipaður fjöldi í sóttkví. Landspítali hefur kallað fólk til starfa í sóttkví samkvæmt ákveðnum vinnureglum.

¹ [Bidlistar samantekt sep21.pdf \(landlaeknir.is\)](#)


Innlögnum vegna COVID-19 fjölgar og eins greinast sjúklingar, sem hafa verið lagðir inn vegna annars, með COVID-19 á fjölda deilda. Það eykur álag við umönnun þeirra og eins getur smit haft áhrif á undirliggjandi sjúkdóma. Nú eru 36 sjúklingar inniliggjandi vegna eða með COVID-19 þar af 7 á gjörgæsludeild (voru 38 og 8 í gær, tveir sjúklingar létust).

Innlagnarhlutfall þeirra sem greinast með COVID-19 hefur verið um 0.5% undanfarið á heildina litið, reiknað frá 15. desember (0.2-0.3% ef um omicron afbrigðið er að ræða en 1.7% ef delta) og hefur því lækkað eftir að omicron afbrigðið kom til sögunnar. Í ljósi gríðarlegs fjölda smita má þó búast við miklum fjölda innlagna á næstunni. Landspítali, í samráði við sérfræðinga innan Háskóla Íslands, hefur þróað spálíkan um fjölda innlagna, byggt á gangi faraldurs og sögulegum gögnum um innlagnir. Hér er mynd af nýjustu spánni varðandi innlagnir á legudeildir og gjörgæsludeildir og sem gerð var þann 7. janúar. Þar kemur fram að búast má við hraðri fjölgun innlagna á næstunni og gætu milli 57 og 89 sjúklingar verið inniliggjandi á legudeildum samtímis eftir um tvær vikur og milli 10 og 27 að auki á gjörgæslu vegna COVID-19. Ljóst er að óvissa er talsverð en samkvæmt mati spítalans þarf að bæta við tugum starfsmanna á legudeildir og gjörgæsludeildir næstu vikurnar að óbreyttu.

Spá - Legudeild



Spá - Gjörgæsla



Staðan á gjörgæsludeildunum er sérstakt áhyggjuefni. Fyrir utan sjúklinga með COVID-19 er fjöldi sjúklinga sem þarf meðferð vegna annarra sjúkdóma og slysa, eða um sjö að jafnaði. Miðað við spá um fjölda COVID-19 innlagna er ljóst að mönnun verður gríðarleg áskorun.

Samkvæmt upplýsingum sem landlækni bárust 8. janúar mun vanta minnst tugi hjúkrunarfræðinga inn á gjörgæsludeildirnar næstu vikurnar. Reynt er að mæta þessu með því að flytja til hjúkrunarfræðinga milli deilda, efla stoðþjónustu og hjálp hefur borist og mun berast frá SAK, Klíníkinni og Glæsibæ. Landlæknir hefur áður fjallað um hve brýnt er að mennta fleiri gjörgæsluhjúkrunarfræðinga og fjölga gjörgæsluplássum. Þá er ljóst að einungis verður hægt að sinna bráða-skurðaáðgerðum en þegar hefur þurft að fresta fjölda áðgerða sem þola bið. Áætlað er að 245 skurðaáðgerðum hafi verið frestað í desember sl.

Aðrar stofnanir

Það vísast í meðfylgjandi yfirlit. Eins og sjá má á er staðan á SAK viðráðanleg sem stendur. Þar liggur einn sjúklingar vegna COVID-19 (voru tveir í gær). Á SAK hefur undanfarið þurft að fresta skurðaáðgerðum og loka deild á Kristnesspítala. Staðan á heilugæslu höfuðborgarsvæðisins er sömuleiðis viðráðanleg en þar eru jú viðamikil verkefni vegna faraldursins. Sama er að segja um heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni. Víða er erfið staða á hjúkrunarheimilum vegna smita og einangrunar starfsfólks eins og Samtök fyrirtækja í velferðapjónustu hafa nýlega upplýst um.

Aðgerðir vegna heimsfaraldurs COVID-19

Þegar hefur verið ráðist í fjölmargar áðgerðir af hálfu heilbrigðisráðuneytis, Landspítala, annarra heilbrigðisstofnana og Sjúkratrygginga Íslands til að efla viðnámsþrótt heilbrigðiskerfis og sérstaklega Landspítala gegn áhrifum faraldurs. Þá hefur Landspítali gripið til fjölþættra áðgerða innanhúss til að bregðast við faraldrinum.

- Búið er að opna fjölda rýma víðs vegar í kerfinu; hjúkrunarrými, endurhæfingarými, líknarrými, dagdvalarrými o.fl.
- Búið er að auka heimaþjónustu.
- Bakvarðasveit er virkjuð og leitað hefur verið til Landsbjargar.
- Rafrænar lausnir hafa verið eflar víðsvegar.
- Fjöldi einstaklinga sem lokið hafa meðferð á Landspítala hafa nýverið verið fluttir til annarra heilbrigðisstofnana.
- Opnuð hafa verið tvö hágæslurými af sex fyrirhuguðum.
- Unnið er að gerð Farsóttareiningar.
- Unnið er að breytingu á vaktafyrirkomulagi ákveðinna deilda Landspítala, m.a. gjörgæsludeilda til að mæta vaxandi álagi.
- Búið er að semja við Klíníkina Ármúla um að senda hjúkrunarfræðinga auk svæfinga- og gjörgæslulækna til starfa á Landspítala.
- Verið er að senda hjúkrunarfræðinga frá öðrum stofnunum, t.d. SAK, til starfa á Landspítala.
- Búið er að færa fagfólk úr „administrativum“ störfum í klínísk störf.
- Unnið er að uppfærslu á neyðaráætlun um móttöku sjúklinga í heimsfaraldri.

Ljóst er að mörgu hefur verið áorkað en áfram þarf að efla viðnám heilbrigðiskerfinsins í heild og einkum Landspítala. Meta þarf hvort auka eigi opinberar sóttvarnaráðstafanir til að „fletja kúrvuna“ enn frekar svo heilbrigðiskerfið ráði betur við. Um þróun faraldurs næstu vikur og hugsanlega hertar aðgerðir getur sóttvarnalæknir best fjallað um og ráðlagt.

Frá sóttvarnalækni

Líkleg þróun heimsfaraldurs COVID-19 hérlendis

Frá því að ómicron afbrigði kórónaveirunnar greindist hér fyrst í byrjun desember 2021 hefur COVID-19 faraldurinn verið í miklum vexti. Samfélagslegar takmarkanir voru hertar þ. 23. desember 2021 með reglugerð nr. 1484/2021 sem gildir til 12. janúar 2022.

Með reglugerðinni voru fjöldamörk færð í 20 manns, nándarreglu breytt úr einum metra í tvo, sundstaðir og líkamsræktarstöðvar máttu hafa opið fyrir 50% af hámarksfjölda, íþróttir leyfðar fyrir 50 manns í hólf, sviðslistir leyfðar fyrir 50 manns á sviði og 50 áhorfendur, og veitinga- og skemmtistaðir máttu hafa opið til kl. 21. Með notkun hraðgreiningaprófa var hins vegar leyft að auka hámarksfjölda á viðburðum upp í 200 manns í hólf. Engar breytingar voru gerðar á skólastarfi.

Þrátt fyrir þessar takmarkanir þá hefur ekki tekist að fækka daglegum innanlandssmitum að marki og eru þau nú um 1.000-1.200 en að auki hafa verið að greinast allt að 300 manns á landamærum daglega.

Þessi mikla aukning á innanlandssmitum skýrist að mestu leyti af hraðri útbreiðslu ómicron afbrigðisins en smithæfni þess er verulega meiri en fyrri afbrigða. Hins vegar er delta afbrigði kórónaveirunnar ennþá útbreitt og orsakar nú um 10% allra smita.

Ómicron afbrigðið hefur nokkra eiginleika sem frábrugðnir eru eiginleikum fyrri afbrigða. Smithæfni þess er verulega meiri, það sleppur meira undan vernd bóluefna og alvarleg veikindi eru fátíðari. Með aukinni útbreiðslu ómicron afbrigðisins hafa innlagnir á sjúkrahús hins vegar aukist þrátt fyrir að alvarleg veikindi séu hlutfallslega færri. Um 0,2% þeirra sem smitast af ómicron afbrigðinu hafa þurft á spítalainnlögn að halda en hlutfall innlagna þegar delta afbrigðið á í hlut er um 1,7%; heildar hlutfall innlagna hefur verið 0,5%. Daglegar innlagnir á Landspítala eru nú um 5-7 en útskriftir um 2-4. Það er því ljóst að með óbreyttri smittíðni í samfélaginu þá mun fjöldi innliggjandi sjúklinga með COVID-19 aukast jafnt og þétt með alvarlegri röskun á starfsemi heilbrigðisþjónustunnar, sérstaklega spítalakerfisins. Nánar er fjallað um heilbrigðiskerfið í greinargerð landlæknis hér að ofan.

Í dag eru 36 sjúkingar innliggjandi á Landspítala vegna COVID-19. Þar af eru sjö á gjörgæsludeild og fjórir í öndunarvél. Á síðustu tveimur dögum létust tveir sjúkingar af völdum COVID-19, báðir á níráðis aldri. Í gær lágu tveir sjúkingar inni á Sjúkrahúsinu á Akureyri, hvorugur á gjörgæsludeild en einn í dag.

Í spá fræðimanna við Miðstöð lýðheilsuvísinda við HÍ og evrópskra vísindamanna (European Covid-19 Forekast Hub) kemur fram að búast megi áfram við rúmlega 1.000 smitum á dag út janúar. Eins og áður kom fram í greinargerð landlæknis þá gera spálíkön Landspítala og HÍ ráð fyrir að milli 57 og 89 sjúklingar geti verið inniliggjandi á sama tíma eftir um tvær vikur og milli 10 og 27 að auki á gjörgæslu.

Þannig má fullyrða að þær samfélagslegu aðgerðir sem nú eru í gangi eru ekki að bæla faraldurinn niður í viðráðanlegan fjölda þó vissulega komi þær í veg fyrir veldisvöxt hans. Frekari takmarkanir þurfa því að koma til ef takast á að fækka smitum og koma þannig í veg fyrir frekara neyðarástand í heilbrigðiskerfinu.

Aðgerðir sem stjórnvöld þurfa alvarlega að íhuga að grípa til

Eins og fram kemur hér að ofan þá er augljóst að þær sóttvarnaráðstafanir sem gripið hefur verið til og nú eru í gildi, eru í besta falli að halda COVID-19 faraldrinum í línulegum vexti en bæla hann ekki niður eins og ákjósanlegt væri.

Með óbreyttri þróun stefnir í algjört neyðarástand í heilbrigðiskerfi landsins sem og í margvíslegri innlendri starfsemi bæði vegna COVID-19 sjúkdómsins sjálfs og afleiddum áhrifum hans.

Stjórnvöld þurfa því að íhuga alvarlega hvort ekki sé tímabært að gripið verði til hertra samfélagslegra aðgerða til að ná betri tókum á faraldrinum samhliða áframhaldandi uppbyggingu heilbrigðiskerfisins.

Landlæknir, sóttvarnalæknir og almannavarnardeild ríkislögreglustjóra eru eins og áður tilbúin til samstarfs um frekari útfærslu einstakra aðgerða.